

Ed.

248. Frumvarp til laga

[231. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Enn fremur er heimilt að greiða mæðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar svo stendur á að bætur bótaþega ganga að fullu til stofnunar sem bótaþegi er vistaður á, svo og þegar 60. gr. á við um hagi bótaþega, sbr. og 3. mgr. 14. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mæðralaun eru greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum sem hafa börn sín undir 17 ára aldri (frá 1. janúar 1987 18 ára) á framfæri og eiga lögheimili hér á landi.

Heimilt er að greiða einstæðum feðrum og einstæðu fósturforeldri sambærileg laun með sama skilorði.

Nú kann að standa svo á að framfærandi eigi að vísu maka á lífi en sé þrátt fyrir það jafnilla eða verr settur fjárhagslega en vera mundi ef maki væri fallinn frá eða skilinn við framfæranda.

Þau tilvik, sem þetta frumvarp fjallar um, eru:

1. Þegar maki hefur notið elli- eða örorkulífeyris en sá lífeyrir hefur verið felldur niður vegna vistunar á stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða dvölinu, sbr. 42. gr. og niðurlag 51. gr. laganna.
2. Þegar maki sætir gæslu- eða refsivist, sem varað hefur a.m.k. þrjú mánuði, sbr. 60. gr., svo og niðurlag 3. mgr. 14. gr. laganna.

Elli- og örorkulífeyrir ásamt fullri tekjutryggingu er samkvæmt gildandi ákvæðum í nóvember 1986 15 209 kr. á mánuði fyrir einstakling eða annað hjóna ef aðeins annað nýtur bóta. Við vistun á langlegustofnun falla bætur þessar niður að undanskildum 3196 kr. á mánuði í „vasapeninga“ til bótaþega.

Sé hins vegar um að ræða ekkju, ógifta eða fráskilda konu á hún rétt á allt að 11 002 kr. á mánuði í mæðralaun. Að auki gæti ekkja átt rétt á ekkjubótum skv. 17. gr. og e.t.v. ekkjulífeyri skv. 18. gr. laganna.

Maki langlegusjúklings á engan slíkan rétt. Að vísu er heimildarákvæði í 13. gr. laganna sem segir að greiða megi maka elli- og örorkulífeyrisþega allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þetta ákvæði sýnist vera afar lítið notað og sem stendur njóta einungis 107 makar góðs af því.

Alls eru örorkulífeyrisþegar, sem nutu bóta í nóvember, 3619 og af þeim eiga 1278 maka eða 35,3%. — Á sjúkradeildum eru vistaðir 522 og njóta því ekki bóta, nema 3196 kr. í „vasapeninga“.

Sé reiknað með að 35,3% þessara 522 bótaþega eigi maka eru það 184 örorkulífeyrisþegar. Um fjölskyldustærð að öðru leyti er ekki vitað á þessu stigi. Augljóst er að hér er ekki um verulega útgjaldaaukningu að ræða en þó gæti hún sennilega orðið nálægt þremur milljónum króna á næsta ári.

Útgjaldaauki vegna framfæris barna ellilífeyrisþega undir 18 ára aldri yrði af skiljanlegum ástæðum líttill. Sama gildir um þau örfáu tilvik þar sem um frelsissviptingu bótaþega er að ræða.